

Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Pingeyinga hf. 2005

Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Pingeyinga hf. haldinn á Fosshótel Húsavík, 3. júní, kl. 11:00.

Mættir voru fulltrúar frá 13 hluthöfum af 23, með 90,5% á bak við sig: Húsavíkurbær, Byggðastofnun, Verkalýðsfélag Húsavíkur, Fræ ehf, Öxarfjarðarhreppur, Kelduneshreppur, Pingeyjarsveit, Aðaldælahreppur, Skútustaðahreppur, Verkalýðsfélag Öxarfjarðar, Verkalýðsfélag Þórshafnar, Verslunarmannafélag Húsavíkur, Hótel Reynihlíð.

1. Formaður félagsins, Björn Ingimarsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fyrir fundinum lá tillaga um fundarstjóra, Reinhard Reynisson, og fundarritara, Gunnar Jóhannesson. Aðrar tillögur komu ekki fram og voru þeir því sjálfkjörnir til þeirra starfa.

3. Skýrsla stjórnar. Björn Ingimarsson stjórnarformaður flutti skýrsluna. Í máli hans kom m.a. fram að stjórnin hélt 10 stjórnarfundum frá síðasta aðalfundi. Samningar voru í gildi frá 2003 við Byggðastofnun og sveitarfélög á starfssvæðinu. Tveir fastir starfsmenn voru hjá félaginu meginhluta starfsársins en fyrir skömmu var ráðið í nýja stöðu atvinnuráðgjafa. Í tengslum við sérverkefni og samstarfssamninga eru 4 starfsmenn hjá félaginu. Aukin umsvif voru hjá félaginu á síðasta starfsári. Vinna hófst við endumat á stefnu og framtíðarsýn félagsins sem m.a. kom til vegna almennrar umræðu um atvinnuþróunarfélög í landinu, auk þeirrar viðleitni stjórnar og starfsmanna að efla félagið og stuðla þannig að sem bestum árangri. Félagið tekur þátt í margvíslegum samstarfsverkefnum. Nokkur þeirra byggja á samstarfi við sveitarfélög á svæðinu og dæmi um það er útgáfa á kortabæklingi um afþreyingu og útivist á svæðinu. Eitt umfangsmesta verkefnið er þó “Orkufrekur iðnaður við Skjálfanda”. Þá er félagið aðili að tveimur alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Á síðasta ári voru stofnuð 58 ný verkefni.

Formaður lauk máli sínu með því að ítreka mikilvægi þess að festa þriðja fasta stöðugildið í sessi, en til þess þarf að vinna að því að tryggja fjármuni. “Þrátt fyrir að við getum verið mjög sátt við það starf sem starfsmenn AÐ eru að inna af hendi í dag er erfitt að horfa fram hjá því að takmörkuð fjárráð standa eðlilegri þróun þjónustunnar fyrir þrifum”.

4. Reikningar félagsins fyrir árið 2004. Framkvæmdastjóri, Tryggvi Finnsson, fór yfir reikninga félagsins sem áritaðir hafa verið af löggiltum endurskoðanda félagsins, PricewaterhouseCoopers c/o Birni St. Haraldssyni. Helstu niðurstöður reikninganna eru:

Rekstrartekjur	19.915.552
Rekstrargjöld	(20.219.093)
Fjármagnsliðir	(24.733)
Tap ársins	(328.274)
Fastafjármunir	691.331
Veltufjármunir	1.121.967
Eigið fé	192.854
Skuldir	1.620.444
Niðurstaða efnahagsreiknings	1.813.298

Umræður um skýrslu og reikninga:

- Reinhard Reynisson: Starfsemi AÞ mikilvæg og mörgu sinnt. Félagið er “atvinnumálaskrifstofa sveitarfélaganna”. Ræddi hlutverk AÞ í stóriðjuverkefninu, enn fremur að þrátt fyrir að verkefnið hafi ekki fullfjármagnað frá einum tíma til annars, þá sé ljóst að það hafi verið rétt af félaginu og Húsavíkurbæ að halda áfram undirbúningsvinnu.
- Jóhann Guðni Reynisson: Þakkaði stjórninni fyrir góða skýrslu og félaginu fyrir gott starf. Í framhaldi af punkti í skýrslu stjórnar um vangaveltur um tekjumöguleika félagsins, og hvort t.d. ætti hugsanlega að skoða einhverja gjaldtöku fyrir tiltekin verkefni. Taldi Jóhann mikilvægt að fara varlega og a.m.k. smærri aðilar og verkefni hafi áfram gjaldfrjálsan aðgang að þjónustu.
- Tryggvi Finnsson: Kom inn á sama atriði og síðasti ræðumaður og dró fram að ef af einhverskonar gjaldtöku yrði, þá yrði grunnþjónustan áfram gjaldfrjáls.
- Björn Ingimarsson: Mikilvæg umræða og félagið verður að skoða þessi mál sem önnur í mótun starfsins, sem þáttar í eflingu félagsins, þar sem þörfin fyrir öflugt og árangursríkt starf er mikil.
- Jóhann Guðni: Missa ekki sjónar á grasrótinni í þessari umræðu.

Reikningar bornir upp og samþykktir samhljóða.

5. Ráðstöfun hagnaðar/taps. Vísað er til afgreiðslu ársreiknings þar sem tapi ársins er ráðstafað til lækkunar á eigin fé félagsins.

6. Kosning stjórnar. Fundarstjóri kynnti fyrirleggjandi tillögur.

Aðalstjórn:

Aðalsteinn Baldursson
Björn Ingimarsson
Guðmundur Guðmundsson
Helgi Kristjánsson
Pétur Snæbjörnsson

Fleiri tillögur komu ekki fram og eru ofanritaðir því sjálfkjörnir í stjórn.

Varastjórn:

Elvar Árni Lund
Haraldur Bóasson

Fleiri tillögur komu ekki fram og eru ofanritaðir því sjálfkjörnir í varastjórn.

- Jóhann Guðni: Vakti athygli á að hafa jafnréttisþætti til skoðunar fyrir næsta aðalfund.

7. Kosning endurskoðanda. Fyrir fundinum lá tillaga um að löggiltur endurskoðandi félagsins verði kjörinn PriceWaterhouseCoopers hf – Björn St. Haraldsson, löggiltur endurskoðandi. *Fleiri tillögur komu ekki fram og þessir aðilar því sjálfkjörnir.*

8. Þóknun til stjórnarmanna.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga: “Aðalfundur AÞ 2005 samþykkir að greiðsla til stjórnarmanna AÞ sé kr. 25.000,- fyrir starfsárið, stjórnarformaður með kr. 50.000.”

Engar aðrar tillögur komu fram og þetta því samþykkt.

9. Önnur mál.

- Jóhann Guðni: Ræddi mikilvægi góðrar vinnu í stórum verkefnum eins og t.d. stóriðjumálum.



Eftirfarandi samþykkt: Aðalfundurinn lýsir ánægju með þá undirbúningsvinnu sem unnin hefur verið vegna uppbyggingar orkufreks iðnaðar í héraðinu og þátt AÐ í því.

Engin fleiri mál komu fram undir þessum dagskrárlið.

Fundarstjóra og fundarritara var falið að ganga frá fundargerð til útsendingar.

Björn Ingimarsson þakkaði fundarmönnum og starfsmönnum, og sleit fundi.

.....

Í upphafi Málþings AÐ, sem bar að þessu sinni yfirskriftina “Ný tækifæri í Þingeyjarsýslu” var fyrirtækinu Silkiprent og fánum ehf. veitt Hvatningarverðlaun 2005.